



Smáauglýsingar – Sími 632700 Þverholti 11

DV



Dráttarbeisli, kerrur. Ódýru, ensku dráttarbeislin á flestar gerðir bíla. Samþykkt af Bifreiðaskoðun Íslands. Asetning á staðnum. Póstsendum. Opíð alla laugardaga. Víkurvagnar, Laufbrekku 24, s. 43911 og 45270.

Vörubílar



Daf 2105, nýinnfluttur, nýskoðaður, óvenju heillegur bíll, óryðgaður, ný dekk, 6 m pallur, Hab krani 1040. Verð kr. 950.000. Tækjamiðlun Íslands, Bíldshöfða 8, sími 91-674727.

Bílar til sölu



Útsala – MMC L-300 '87. Til sölu góður bíll með mjög góðum staðgreiðslu-afslætti (skuldabréf), skipti ath. Uppl. í síma 91-54317.

Jeppar



Nissan King Cab, árg. '90, til sölu, blá-grár, 5 girar, upphækkaður, á 33" dekkjum, vsk-bíll. Góður staðgreiðslu-afsláttur. Uppl. í síma 91-677599.


Ýmislegt



Aðalfundur Kvartmílukl. verður haldinn í félagsh. Bíldsh. 14 24.10. og hefst stundvísl. kl. 10 f.h. Miðar á uppskeru-hátíð eru seldir í félagsh. kl. 10–15 til 22.10. Kvartmíluklúbburinn, s. 674530.

4x4


Opíð hús í kvöld kl. 20 í Mörkinni 6.



Ódýr gisting á Akureyri. Bjóðum gæstum á Akureyri annan valkost en venjulega hótulgistingu, glæsilegar einkaíbúðir með öllum þægindum á mjög sanngjörnu verði. Studio-íbúðir, Strandgötu 13, 600 Akureyri, sími 96-12035, fax 96-11227.

Úrval
Tímarit fyrir alla
á næsta sölustað • Áskriftarsími 63-27-00

Vagnar - kerrur




Dráttarbeisli. Höfum til sölu vönduð og ódýr dráttarbeisli frá Brenderup undir flestar tegundir bifreiða, viðurkennd af Bifreiðaskoðun Íslands. Ryðvarnarstöðin sf., Fjölning. 6e, 603 Akureyri, s. 96-26339, Ryðvörn hf., Smiðshöfða 1, Rvík, s. 91-30945. Bíllinn, Bakkast. 14, Njarðvík, s. 92-15740.

Þjónusta



Gífspússningar – flotgólfi – alhlíða múrverk. Löggiltur múrarmeistari. Símar 91-651244 og 985-25925. Gerum fóst verðtilboð.

Menning



Sjálfsmynd eftir Alfreð Flóka. Frá sýningunni á Kjarvalsstöðum.

DV-mynd Sveinn

ÁRSHÁTÍÐ ÍÞRÓTTAFÉLAGSINS LEIKNIS

verður haldin föstudaginn 30. okt. að Ármúla 40. Forsala aðgöngumiða í félagsheimili Leiknis að Austurbergi 1 22. – 25. okt. Upplýsingar í síma 78050.

Stjórnin

GRAM


FRYSTIKISTUR Á ÓMÓTSTÆÐILEGU VERÐI



GRAM HF-210

Hæðxdýpt: 85x69,5 cm
Breidd: 72 cm
Rými: 210 lítrar

Verð aðeins
33.970,- stgr.



GRAM HF-319

Hæðxdýpt: 85x69,5 cm
Breidd: 102 cm
Rými: 319 lítrar

Verð aðeins
39.990,- stgr.

FRYSTIKISTUR, 5 GERÐIR * FRYSTISKÁPAR, 5 GERÐIR

Góðir greiðsluskilmálar: VISA og EURO raðgreiðslur til allt að 18 mánaða, án útborgunar. Munalán með 25% útborgun og eftirstöðvum kr. 3.000,- á mánuði.

FÖNIX

HÁTÚNI 6A SÍMI (91) 24420

Fjarrænar fígúrir og Flóki á Kjarvalsstöðum

Kjarvalsstaðir hafa undanfarið staðið fyrir kynningu á nýrri innlendri fígúratívri myndlist. Farandsýningin Fígúra-figúra sem inniheldur verk sex ungra íslenskra myndlistarmanna – Jóns Óskars, Huldu Hákon, Kjartans Ólasonar, Brynhildar Þorgeirsdóttur, Helga Þorgils Friðjónssonar og Svölu Sigurleifsdóttur – hefur farið til Gautaborgar og Edinborgar og er nú komin í heimaborgina. Gunnar Kvaran sá um val listamanna og ritar inngang í sýningarskrá. Þar kemst hann að þeirri skilmerkilegu niðurstöðu að fígúran hafi fengið „nýtt hlutverk í líki vinnandi manns“ á kreppearunum. Síðan hafi lítið farið fyrir blessaðri fígúrunni þar til fyrir áratug eða svo, utan hvað á sjöunda áratugnum hafi hún af og til birst sem form og litur.

Þröngar skorður

Það er einkennilegt að forstöðumaður Kjarvalsstaða skuli takmarka svo útsýni sitt um héraenda myndlistarflóru í nútíð sem fortíð. Hvers vegna skyldi hann t.a.m. ekki gera ráð fyrir fígúrameisturum á borð við sjálfan Flóka í söguskoðun sinni. Sýningin Fígúra-figúra er ekki bundin við fyrri alda skilgreiningu á olíumálverki, svo sú skýring dugir ekki. Eina sýnilega skýringin er sú að farandsýningu þessari hafi verið of þröngar skorður settar í upphafi. Í stað þess að sýna breidd og dýpt íslenskrar fígúrasjónar – með því að velja út frá innihaldi í stað efniviðs og sýna þar með t.d. grafíkverk, fjöltækniverk, myndbönd, myndskreytingar, leirverk o.fl. – er þessari sýningu á héraendi hlutbundinni list stillt upp við vegg fremur íhaldssamrar skilgreiningar á málalari list þó svo að innihald hennar sé í raun runnið úr fjölskrúðugri jarðvegi.

Erótík og goðsagnir

Það er forvitnilegt að bera saman erótík Flóka á sýningunni í austursal sem hneykslaði fyrir tíu, tuttugu og þrjátíu árum og erótík Helga Þorgils í vestursalnum sem særði blygðunarkennd sumra í sumar. Ólíkt Flóka teflir Helgi Þorgils ekki saman sakleysi og undirlægjuhætti, hreinleika og djöfuldómi. Þvert á móti einkennast verk hans af kyrrð og áhyggjuleysi. Hið sama má raunar einnig segja um verk þeirra Kjartans Ólasonar, Jóns Óskars og Huldu Hákon. Þetta skýrist e.t.v. af því að verk þeirra hafa ekki eins bókmenntalegar, trúarlegar eða dramatískar skírskotanir og verk Flóka. Því verður þó ekki á móti mælt að hálfgrísk goð og hálfmenn eru fyrirferðarmikil í verkum Helga og Kjartans og hjá Svölu Sigurleifsdóttur

ans Ólasonar, Jóns Óskars og Huldu Hákon. Þetta skýrist e.t.v. af því að verk þeirra hafa ekki eins bókmenntalegar, trúarlegar eða dramatískar skírskotanir og verk Flóka. Því verður þó ekki á móti mælt að hálfgrísk goð og hálfmenn eru fyrirferðarmikil í verkum Helga og Kjartans og hjá Svölu Sigurleifsdóttur

Myndlist

Ólafur Engilbertsson

er það egypska hátignin Nefertiti. Brynhildur Þorgeirsdóttir túlkar hins vegar sjálfspottnar goðsagna- verur og hefur þar með töluverða sérstöðu á sýningunni burtséð frá því að verk hennar eru þrívíð og standa á gólfi.

Fjarlægt augnaráð

Niðurstæða þessa samanburðar hlýtur að vera sú að verk þessara ungu fígúrumálara eiga talsvert sameiginlegt. Fígúrunnar sem þau birta eru flestar fjarlægjar og fráhrindandi og fjarrí því að vera tælandi og seiðandi eins og kvensniftir Flóka. Það hefði ekki verið úr vegi að grafast fyrir um orsakir þessa fjarlægja augnaráðs í sýningarskrá og sýna mynddæmi frá ýmsum tímum og úr ýmsum geirum listalífsins. Þannig hefði t.a.m. verið hægt að ná betur utan um svo fyrirferðarmikið hugtak sem fígúran er í héraendi myndlist þrátt fyrir allt. Ef eitthvað hefði mátt missa sig á þessari farandfígúrasýningu finnst mér það helst hin sjálfumglöðu og narkissisku portett Svölu af vina- hópi sínum og framsetning þessara verka hennar sýnist mér ekki vel ígrunduð. Verk Brynhildar virka dálítið afskipt á sýningunni og það er engu líkara en að gleymst hafi að gera ráð fyrir þeim inni í salnum, þau njóta sín þar engan veginn en hins vegar ágætlega frammi í anddyri. Vert er að vekja athygli á því að báðum sýningunum, margumræddri sýningu sex listamanna, sem kallast Fígúra-figúra, og sýningunni á þeim verkum Alfreðs Flóka, sem Listasafn Reykjavíkur eignaðist nýverið, lýkur báðum nk. sunnudag, 25. október.